

Nd. 392. Frumvarp til laga [223. mál]

um breyting á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
Prátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af saltfiski, framleiddum á árinu 1984, vera 4% af fob-verðmæti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í framhaldi af ákvörðun fiskverðs og vegna hins alvarlega þorskaflabrests á þessu ári, svo og vegna nýrra reglna um stjórn botnfiskveiða, er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir í sjávarútvegi og er frumvarp þetta annað af tveimur, sem flutt eru í þessu skyni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að útflutningsgjald af saltfiski verði ákveðið 4% á árinu 1984 til þess að jafna þann mikla mun, sem er á afkomu söltunar og frystingar og draga úr taprekstri saltfiskverkunar. Á undanförunum árum hefur saltfiskverkun sætt því, að frá henni væri fært fé til annarra greina. Nú á þessi grein við sérstök — vonandi tímabundin — vandamál að stríða. Vegna þessa er frumvarp þetta flutt í því skyni að lækka útflutningsgjöld af saltfiski um 1,5% af framleiðslu ársins 1984. Áætlað er, að þessi breyting lækki tekjur af útflutningsgjaldi um 38 m. kr. á árinu 1984 en auki tekjur vinnslunnar að sama skapi. Eftir sem áður eru horfur á hallarekstri í saltfiskverkun á þessu ári eins og fram kemur í fylgiskjali.

Fylgiskjal.

Frá Þjóðhagsstofnun

Skýringar við rekstraráætlanir fiskvinnslu 1982
og framreikning til febrúar 1984

Reikningar (tafla 1) 1982.

Rekstraryfirlitið er byggt á reikningum 56 frystihúsafyrirtækja og 53 saltfisk- og skreiðarhúsa, eða samtals 109 fyrirtækja. Úrtakið er fært upp í heildarstærðir að mestu samkvæmt upplýsingum frá sölusamtökum. Sýnd er niðurstaðan af fjármagnskostnaðaruppgjöri samkvæmt skattalögum, en jafnframt er gerð nokkur breyting á uppgjöri á fjármagnskostnaði (afskriftum og vöxtum). Fjallað verður nánar um það síðar í greinargerðinni. Gert er ráð fyrir að birgðir af skreið í árslok 1982 lækki í verði um 25%, sem þýðir um 17,7% verðlækkun að meðaltali í heild árið 1982 og er sú niðurstaða notuð í uppgjöri á tekjum skreiðarvinnslu í reikningum ársins 1982. Jafnframt er bætt við tekjurnar áætlaðri verðjöfnunarsjóðsgreiðslu sem nemur 104,5 millj. kr.

Framreikningur til febrúar (tafla 2) 1984.

Í því dæmi, sem hér er sýnt, er gert ráð fyrir, að innbyrðis hlutföll í framleiðslu söltunar og frystingar haldist svipuð og var á árinu 1983, en í því felst, að framleiðslan í frystingu dragist saman um rúmlega 3% en framleiðsla söltunar um 28% frá grunnárinu 1982.

Hækkun á fiskverði í febrúar 1984 var að meðaltali 4%, þ. a. hækkaði ýsa um 8%, steinbítur um 6% en aðrar tegundir um 3,4%. Jafnframt þessu voru gerðar breytingar á hlutfalli verðs milli slægðs og óslægðs fisks. Einnig voru gerðar breytingar á verðfellingu í 2. og 3. gæðaflokki. Er gert ráð fyrir, að þessar breytingar hafi í heild þýtt um 0,2% hækkun á hráefniskostnaði frystingar en lækkað hráefniskostnað söltunar um rúmlega 0,5%.

Meðal annars á grundvelli skýrslna Kjararannsóknarnefndar hefur launaskrið frá árinu 1982 verið áætlað um 4% og tekið tillit til þess í rekstraráætluninni, en hún er miðuð við kauplag í febrúarbyrjun 1984.

Tekið er tillit til fyrirhugaðrar lækkunar á útflutningsgjaldi til söltunar úr 5,5% í 4%, og er reiknað með því að það leiði til 1,4% hækkunar á útflutningstekjum söltunar, eða um 38 milljónir króna.

Markaðsverð er reist á upplýsingum frá sölusamtökum. Tekið hefur verið tillit til nýlegrar verðlækkunar á flökum í Bandaríkjunum og breytinga á gengishlutföllum dollars og annarra mynta. Gert er ráð fyrir að lækkun á markaðsverði freðfisks frá 1982 til janúar 1984 nemi um 1,5—2,0% í dollurum. Bætt samsetning þýðir aftur á móti hækkun á meðalverði um 1,5—2,0%, þannig að heildarlækkun markaðsverðs frá árinu 1982 gæti verið um allt að 0,5%. Ekki er í þessari áætlun tekið tillit til lækkunar á þorsblokk úr 116 centum í 112 cent og lækkun á karfablokk úr 80 centum í 75 cent, sem fram kom um miðjan febrúar 1984, en sú lækkun þýðir líklega um 0,5% af tekjum, þannig að afkoman er lakari í frystingunni en hér er sýnt sem nemur þeim mun. Í söltun er gengið út frá upplýsingum um markaðsverð frá SÍF. Áætlað er að meðalverð á óverkuðum þorski hafi lækkað um 17% frá árinu 1982. Áætluð samsetningarbreyting vegna minni gæða og breyttrar stærðarsamsetningar framleiðslunnar nemur um 2,8%. Í reikningi söltunar er gengið út frá verðjöfnun miðað við gildandi viðmiðunarverð og greiðsluhlutföll. Áætlað er að greiddar verði úr sjóðnum rúmlega 116 milljónir króna. Innistæða í saltfiskdeild sjóðsins nemur í dag líklega 70 milljónum króna. Þannig vantar 40—50 milljónir til þess að sjóðurinn geti staðið undir slíkum skuldbindingum miðað við þær framleiðsluforsendur sem liggja að baki áætluninni. Í töflu 2 er einnig sýnd rekstrarafkoman ef um enga verðjöfnun væri að ræða. Á gjaldahlið hafa umbúðir í söltun verið endurmetnar og hækkaðar frá grunni með hliðsjón af upplýsingum frá SÍF um umbúðakostnað. Nemur hækkun á gjöldum í grunni vegna þessa rúmlega 1% af tekjum. Einnig hafa áhrif af auknum tilkostnaði vegna ormahreinsunar verið metin eftir upplýsingum frá SÍF. Er þar um gjaldahækkun að ræða frá grunni sem nemur um 1—1,5% af tekjum. Gengi á dollar í áætluninni er 29,50, en óvissa ríkir í gengismálum á gjaldeyrismörkuðum um þessar mundir, sem gæti haft áhrif á gengi dollarans. Markaðsverð íslenskra fiskafurða er einnig óvísst, ekki síst vegna harðnandi samkeppni frá ríkisstyrktum sjávarútvegi Noregs og Kanada.

Áætlun og framreikningur fjármagnsliða.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á uppgjöri fjármagnskostnaðar. Nánari lýsingu á þessari breytingu er að finna í greinargerð, sem fylgir reikningi fiskveiðanna (sbr., grg. með frumvarpi til laga um breyting á lögum um Aflatryggingasjóð). Í meginatriðum eru breytingarnar helst fólgnar í því, að greint er á milli rekstrar- og greiðsluafkomu. Við mat á því fjármagni, sem í vinnslunni er bundið, er byggt á skattalegum afskriftum í reikningum fiskvinnslufyrirtækjanna og þeir færðir upp í heildarstærðir miðað við áætlaða samsetningu fjármuna í fiskvinnslunni. Við mat á endingartíma fjármunanna er gert ráð fyrir, að fasteignir hafi 50 ára endingartíma og vélar og tæki 8 ár og er árgreiðslan ákveðin út frá þessum forsendum. Gert er ráð fyrir, að 60% af fjármagni sé bundið í fasteignum og 40% í

vélum og tækjum. Jafnframt er reikuð 3% ávöxtun af því fjármagni, sem er bundið í birgðum, miðað við áætlaðan birgðahaldstíma, sem var áætlaður 3 mánuðir í söltun og frystingu 1982 og um 9 mánuðir í herslu. Í ársreikningi 1982 er jafnframt leiðrétt fyrir áhrifum verðlags á birgðir og er þá gengið út frá skattamati á verðbreytingarfærslu. Í framreikningi byggir árgreiðslan á afskriftastofninum 1982 á verðlagi í janúarbyrjun 1984. Birgðir eru metnar út frá birgðahaldstíma, sem er talinn vera 4 mánuðir í frystingu og 4,5 mánuðir í söltun, og reiknað 3% ávöxtun á það fjármagn. Auk þess er færður til gjalda með árgreiðslunni sá mismunur, sem er á 3% vöxtunum og þeim afurðalánvöxtum sem í gildi eru í dag. Þá er reiknað með að afurðalánin, bæði endurkaup og viðbótarlán, nemi 2,9% af tekjum í frystingu og 3,25% í söltun. Ekki hefur unnist tími til að gera upp greiðsluafkomu-dæmi fiskvinnslunnar, en í því sambandi þarf að meta áætlaðar afborganir og vexti 1984 og jafnframt vanskilaskuldur fiskvinnslunnar. Slíkar áætlanir eru vandkvæðum bundnar vegna þess, hve lán til vinnslunnar dreifast á marga aðila. Hins vegar er sýnd til samanburðar sú niðurstaða, sem eldri uppgjörsaðferð Þjóðhagsstofnunar hefði gefið, en hún er að líkindum nær greiðsluafkomumati en rekstraruppgjörið, sem hér er sýnt.

Tafla 1.

Rekstraryfirlit frystingar, söltunar og herslu 1982.

Millj. kr.

	Frysting	Söltun	Hersla	Samtals
Tekjur alls:	3 687,5	1 671,6	853,4	6 212,5
1. Útflutningstekjur	3 566,8	1 625,1	848,5	6 040,4
2. Selt af hráefni	32,6	17,6	1,1	51,3
3. Aðrar tekjur	88,1	28,9	3,8	120,8
Gjöld alls: (1.—8.)	3 468,1	1 602,0	944,6	6 014,7
1. Laun og tengd gjöld	872,2	286,6	153,7	1 312,5
2. Hráefni	1 631,8	868,8	431,1	2 931,7
3. Umbúðir	112,7	12,1	7,4	132,2
4. Flutningskostnaður	80,7	40,7	35,0	156,4
5. Orka	89,1	20,6	10,3	120,0
6. Viðhald	124,9	48,3	23,9	197,1
7. Annar kostnaður	187,9	151,1	46,9	385,9
8. Verðbreytingarfærsla v/birgða	368,8	173,8	236,3	778,9
9. Verg hlutdeild fjármagns	219,4	69,6	-91,2	197,8
Verg hlutdeild fjármagns % af tekjum	5,9	4,2	-10,7	3,2
Rekstrarafkoma				
10. Reiknuð árgreiðsla m.v. 3% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár, 50 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	191,4	67,5	50,4	309,3
11. Hreinn hagnaður (11. = 9.—10.)	28,0	2,1	-141,6	-111,5
Hreinn hagnaður, % af tekjum	0,8	0,1	-16,6	-1,8
Uppgjör fjármagnskostnaðar skv. skattalögum:				
12. Verg hlutdeild fjármagns (án leiðréttingar á verðbreytingarfærslu v/birgða (12. = 9. + 8.))	588,2	243,4	145,1	976,7
Verg hlutdeild fjármagns, % af tekjum	16,0	14,6	17,0	15,7
13. Afskriftir	146,8	49,3	30,0	226,1
14. Gjaldfærðir vextir og gengismunur	539,9	178,2	150,6	868,7
15. Tekjufærsla v/verðbreytinga	-216,3	-89,6	-2,9	-308,8
16. Hreinn hagnaður eftir verðbreytingarfærslur (16. = 12.—13.—14.—15.)	117,8	105,5	-32,6	190,7
Hreinn hagnaður eftir verðbreytingarfærslur, % af tekjum	3,2	6,3	-3,8	3,1
Greitt í Verðjöfnunarsjóð	—	—	1,3	1,3
Greitt úr Verðjöfnunarsjóði	—	4,5	104,5	4,5

Tafla 2.

Áætlað rekstraryfirlit frystingar og söltunar í febrúar 1984 eftir fiskverðsákvörðun.
Magnforsendur: Aflamark ársins 1984. 3,2% samdráttur framleiðslu í frystingu og 28%
samdráttur í söltun frá árinu 1982.
Millj. kr. Gengi \$ = 29.50

	Febrúar 1984		Samtals	Samtals ef ekki er tekið tillit til áætlaðrar verðjöfnunar í söltun
	Frusting	Söltun		
Tekjur alls:	7 666,1	2 490,9	10 157,0	10 040,7
1. Útflutningstekjur	7 393,9	2 398,8	9 792,7	9 676,4
2. Selt af hráefni	74,5	36,6	111,1	111,1
3. Aðrar tekjur	197,7	55,5	253,2	253,2
Gjöld alls: (1.—7.)	6 396,0	2 489,7	8 885,7	8 885,7
1. Laun og tengd gjöld	1 432,1	406,1	1 838,2	
2. Hráefni	3 720,1	1 582,6	5 302,7	
3. Umbúðir	238,9	45,0	283,9	
4. Flutningskostnaður	170,0	63,8	233,8	
5. Orka	230,1	48,2	278,3	
6. Viðhald	237,2	88,3	325,5	
7. Annar kostnaður	367,6	255,7	623,3	
8. Verg hlutdeild fjármagns	1 270,1	1,2	1 271,3	1 155,0
Verg hlutdeild fjármagns, % af tekjum	16,6	0,0	12,5	11,5
Rekstrarafkoma				
9. Reiknuð árgreiðsla m.v. 3% ávöxtun stofnfjár, 50 ára endingartíma fasteigna og 8 ára end- ingartíma véla og tækja	356,0	123,0	479,0	
10. Reiknuð árgreiðsla m.v. 3% ávöxtun rekstrar- fjár	76,7	28,6	105,3	
11. Viðbót vegna raunvaxta umfram 3% v/birgða	145,6	45,1	190,7	
12. Árgreiðsla samtals (12. = 9. + 10. + 11.)	578,3	196,6	774,9	774,9
Hreinn hagnaður	691,8	-195,4	496,4	380,1
Hreinn hagnaður, % af tekjum	9,0	-7,8	4,9	3,8
Uppgjör skv. eldri aðferð:				
Verg hlutdeild fjármagns	1 270,1	1,2	1 271,3	1 155,0
Afskriftir	332,0	115,0	447,0	447,0
Vextir af afurðalánum				
Endurkaup	126,5	46,0	172,5	
Viðbótarlán	95,8	34,9	130,7	
Samtals	222,3	80,9	303,2	
Stofnlánavextir (lausl. áætl.)	191,6	24,8	216,4	
Vextir alls	413,9	105,7	519,6	513,7
Hreinn hagnaður	524,2	-219,5	304,7	194,3
Hreinn hagnaður, % af tekjum	6,8	-8,8	3,0	1,9
Greitt úr Verðjöfnunarsjóði	—	116,3	116,3	—